

## Fundur hjá Rótarýklúbb Kópavogs, 10. september 2019.

Fundurinn var 5. fundur starfsársins og fundur nr. 2908 frá upphafi. Fundurinn var í umsjón Félagavalsnefndar og haldinn í Café Catalínu klukkan 17:30. Á fundinn mættu 22 félagar sem gerir 73% mætingu.

Forseti setti fund kl. 19:30 og las ljóðið „Haustlaufin falla“ eftir Hannes Pétursson.

Árni Björn Jónasson fór með 3ja. mínútna erindi. Hann ræddi um tilfinningar vegna þjáninga í heimstýrjöldinni síðari. Minntist á fiskiskipið Reykjaborgina sem varð fyrir árás frá þýskum kaþbáti með fallbyssu- og vélbyssu skothríð í mars 1941. Tveir skipverjar lifðu af árásina. Tvö önnur skip, línuveiðiskipið Súðin og Pétursey urðu einnig fyrir kaþbátaárásum. Talið var að um væri að ræða sama kaþbátinn. Kaþbátaforinginn var aldrei sóttur til saka en hlaut mörg heiðursmerki eftir stríðið m.a. frama Sambandsríki Þýskalands og Nato. Lýðræði á undir högg að sækja í Evrópu og víðar, þjóðernis- og minnihlutahópar láta hátt en friðinn þarf að varðveita í Evrópu.

Guðmundur Lýðsson útteildi boðsmiðum á kvikmyndina „60 rið í 78 ár“ sem verður sýnd í Háskólabíó 11. September næstkomandi.

Páll Árni Jónsson kynnti fyrirlesara fundarins Tryggva Ásgrímsson. Páll kynntist Tryggva í sambandi við vinnu sem laut að því að leggja niður Laxárvatnsvirkjun, í því verkefni þurfti að takast á við mörg álitamál og á Rarik hrós skilið að hans mati hvernig unnið var úr þeim málum þar sem hagsmunaaðilar voru margir.

Tryggvi Ásgrímsson er fæddur á Akureyri 1955. Hann varð rafvirki 1977, tæknifræðingur 1982 og lauk prófi í viðskiptafræði 2001. Tryggvi vann hjá Rarik fyrir nám og í námsleyfum og sem framkvæmdastjóri Tæknisviðs frá árinu 2018. Tryggvi hefur unnið hjá Rarik í 24 ár.

Tryggvi Ásgrímsson nefndi erindi sitt „Rafvæðing dreifikerfis og strengvæðing“. Fyrsta vatnsaflsvirkjun á Íslandi reisti Jóhannes Reykdal í Hafnarfirði 1904. Fleiri vatnsaflsvirkjanir komu í kjölfarið og bændavirkjanir urðu almennar með afli um 10kW og 220 volt nokkru seinna.

Raforkulögin 1946 leiddu til 3ja fasa 11 kV rafmagnslína og einfasa rafmagns til notenda. 1954 hófs lagning 19 kV loftlína. 1980 hófst lagning jarðstrengja (PEX strengja) en á þeim tíma voru lögð innflutningsgjöld á jarðstrengi. Þessi gjöld hurfu að fullu árið 2015. Rarik lagði jarðstreng á Gunnólfsvíkurfjall 1987 að ósk Nato og frá Höfn út á Stokksnes 1990. Kostnaður við að plægja niður jarðstrengi er aðeins brot af þeim kostnaði við að nota gröfu við slík verk.

Veðurfar á Íslandi hafa leikið loftlínur grátt og ollið miklu tjóni á raflínum. 1991 slitnuðu 250 línur vegna ísingar. Aftur varð mikið tjón í ofsaveðri árið 1995 og þá brotnuðu 332 staurar. Nú eru 66% strengja komnir í jörð. Meðalaldur loftlína sem eru rifnar eru um 55 ár. Annað vandamál við loftlínur er áflug fugla sem er oft staðbundið. Áætlað er að kostnaður við að koma I, II og III áfanga í jörð kosti 16 milljarða og því verki verði lokið fyrir 2035. Raforkukerfi Rarik er 9000 km, þar af í dreifbýli 8000 km.

Til máls tóku: Inga Hersteinsdóttir, Bolli Magnússon, Kristófer Þorleifsson, Jón Sigurðsson, Friðbert Pálsson, Páll Árni Jónsson, Guðmundur Lýðsson og Ólafur Wernersson.

Forseti þakkaði Tryggva fyrir erindið og fór yfir dagskrá næsta fundar sem er í umsjá Ferðanefndar. Ásgeir G. Jóhannesson flytur 3ja. mínútna erindi og Pálína Kristinsdóttir verður með erindi um ferðamál. Forseti sleit fundi kl. 18:55 og farið var með fjórprófið.